

Sp.

124. Tillaga til þingsályktunar

[115. mál]

um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu á sjálfstjórn héraða.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna millipinganevnd, sem hafi það verkefni að athuga, með hvaða hætti bezt verði unnið að dreifingu framkvæmdavalds til fleiri staða en nú er og til eflingar á sjálfstjórn í landsfjórðungunum eða öðrum stórum landssvæðum.

Nefndin athugi sérstaklega um möguleika á að flytja að meira eða minna leyti ýmsar ríkisstofnanir eða mikilvægar þjónustustofnanir frá höfuðborginni til staða úti á landi í þeim tilgangi að auðvelda afgreiðslu mála og skapa meira jafnvægi í landinu.

Þá verði einnig athugað gaumgæfilega um möguleika á að veita héraðsstjórnnum rétt til fjármálaeigarar yfirstjórnar og ráðstöfunar á tilteknum fjárveitingum, sem varða viðkomandi hérað eða umdæmi.

Tillögur nefndarinnar skulu við það miðast, að dregið verði úr því mikla miðstöðvarvaldi, sem orðið er í Reykjavík, og komið í veg fyrir áframhaldandi ofvöxt þess.

Nefndin skal skila tillögum sínum og álitserð til Alþingis fyrir 1. janúar 1972.

Allur kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga þessari hefur áður verið flutt á þingi af þingmönnum Alþýðubandalagsins. Þannig greinargerð hefur fylgt tillögunni:

„Mikið hefur verið rætt að undanfögnu um jafnvægisleysið í byggð landsins. Allir virðast vera á þeirri skoðun, að hinn öri vöxtur höfuðborgarinnar og nágrannabyggða hennar á kostnað ýmissa byggðarlaga úti á landi sé ekki æskilegur. Ýmsar tillögur hafa verið uppi um það, hvað tiltækilegast væri að gera til þess að hamlá gegn fólksflutningum úr vissum byggðarlögum.

Oftast hefur því verið haldið fram, að fólksflutningarnir utan af landi til höfuðborgarinnar og nágrennis hennar stöfuðu af ótryggrri atvinnu, lægri launum eða verri lífskjörum úti á landi, en hér væru í þéttbýlinu við Faxaflóa. Mörg dæmi eru þó til, sem sýna á ótvíræðan hátt, að þessar ástæður eru ekki fyrir hendi, þar sem byggðin úti á landi á þó greinilega í vök að verjast fyrir aðdráttarafli höfuðborgarinnar.

Opinberar skýrslur sýna t. d., að atvinnutekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna hafa verið hærrí í nokkur undanfarin ár í ýmsum byggðarlögum úti á landi en í Reykjavík. Vöxtur þeirra byggðarlaga hefur þó ekki orðið teljandi á þessum árum og lítil í samanburði við nágrannabyggðir Reykjavíkur. Þó að á þessar staðreyndir sé bent, skal ekki úr því dregið á neinn hátt, að auðvitað hefur atvinnuöryggi og góð lífsafkoma úrslitaáhrif á þróun hvers byggðarlags. En fram hjá hinu má ekki líta, að ýmis önnur atriði en launakjörin og atvinnumöguleikar hafa einnig mikil áhrif á vaxtarskilyrði nútímabyggðar. Góðar samgöngur hafa mikil áhrif. Skilyrði til menntunar skipta líka máli. Og yfirleitt skiptir miklu máli aðstaðan til þess að lifa menningarlífi og til þess að geta komið áhugamálum sínum og hugðarefnum fram.

Aðstaðan í þessum efnum er í mörgum tilfellum mjög léleg úti á landi og allt önnur og verri en í Reykjavík og nágrannabyggðum hennar. Þróunin hefur orðið sú um nokkurra ára skeið, að í Reykjavík hefur setzt að svo að segja allt miðstöðvar- og framkvæmdavald landsins. Þar eru allir stjórnendur fræðslumála, vegamála og hafnarmála. Þar er tryggingastofnun alls landsins. Þar eru lánveitingasjóðir alls landsins. Og þar eru miðstöðvar allra samgangna. Í Reykjavík er fjárveitingavaldið og allar framkvæmdastofnanir þess.

Samþjöppun þessa mikla valds í Reykjavík hefur í ýmsum tilfellum leitt til algerrar ofstjórnar, sem sárlega hefur hvílt á athafnasemi þess fólks, sem heima á úti á landi. Skýrt dæmi um slíka ofstjórn er sú skipan, sem nú er ráðandi í úthlutun og afgreiðslu íbúðarhúsálána, landbúnaðarlána og stofnlána sjávarútvegsins.

Nú er t. d. þannig um hnútana búið varðandi úthlutun og afgreiðslu íbúðarlána, að lánsúmsækjandi, sem býr í smáporpi austur á landi eða vestur á fjörðum, verður að senda vandútfyllta skýrslu um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir sínar til stofnunar í Reykjavík. Sú stofnun þarf fyrst að samþykkja bygginguna, stærð, gerð og skipulag, áður en til lánveitingar getur komið. Þessi byggingarlánastofnun í Reykjavík getur síðan ákveðið, að Páll Pálsson á Raufarhöfn skuli fremur fá umbeðið lán en Jón Jónsson á Flateyri. Þegar byggingarlánastofnunin hefur ákveðið að veita úmsækjanda íbúðarlán, verður hann enn á ný að senda margvísleg skjöl og skilríki og umboð til einhvers aðila í Reykjavík, til þess að þar sé hægt að ganga formlega frá láninu og greiða lánið út; annars staðar virðist ekki vera mögulegt að ganga formlega frá því.

Allt er þetta skipulag með þeim hætti, að líkast er því, að verið sé að hræða fólk úti á landi frá því að sækja um lán til íbúðarhúsabygginga.

Svipað fyrirkomulag þessu er einnig ríkjandi hjá stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs, sem krefjast þess skilyrðislaust, að aðeins hér í Reykjavík sé formlega gengið frá öllum lánnum þeirra sjóða.

Reglur sem þessar eru til orðnar í samræmi við hina ríku tilhneigingu til samþjöppunar valds í Reykjavík og til þess, að hér skuli öll stjórnun og öll framkvæmdastjórn vera. Hér er um ofstjórnun að ræða, sem veldur þeim, sem heima eiga fjarri Reykjavík, margvíslegum erfiðleikum. Oft leiðir skipulag eins og þetta til þess, að fólk úti á landi nýtur í framkvæmd minni réttar en þeir, sem auðveldast eiga með að sækja til framkvæmdavaldsins.

Full ástæða er til, að komið verði upp því lánveitingakerfi, sem geri það mögulegt, að íbúar í hverjum landsfjórðungi eða hverri sýslu geti í sínu heima-héraði gengið frá almennum lánum og fengið þau þar greidd út.

Vissulega kæmi til greina að haga veitingu íbúðarhúsálána þannig, að yfirstjórn húsnæðismálalána í Reykjavík veitti hverju sinni heildarlánveitingarfjárhæð í hvert lánaumdæmi (sem mættu vera nokkur í landinu) og síðan úthlutaði sérstök nefnd í hverju umdæmi lánunum þar á milli umsækjenda í umdæminu.

Nú er öll yfirstjórn vegagerðar ríkisins staðsett í Reykjavík. Í Reykjavík eru allar brýr, sem ráðgert er að byggja, teiknaðar, og hið sama er að segja um önnur mannvirki, sem vegagerðin sér um. Allir, sem ræða vilja við yfirvöldin um framkvæmdir í vegamálum, verða að leggja leið sína til Reykjavíkur. Auðvitað væri hægt að hafa undirbúnings- og framkvæmdaskrifstofur vegagerðarinnar á nokkrum stöðum á landinu. Hvers vegna ætti t. d. ekki að vera hægt að hafa sérstaka vegagerðarskrifstofu staðsetta á Norður- og Austurlandi fyrir þau verkefni, sem þessum landshlutum tilheyra? Þar ætti að teikna þær brýr, sem þar eiga að byggjast, og undirbúa á verkfræðilegan hátt þau verk, sem þar eiga að vinnast. Aðalskrifstofa vegamálastjóra gæti eftir sem áður verið í Reykjavík.

Hið sama er að segja um skipulag vitamálskrifstofunnar. Hún gæti einnig verið í nokkrum deildum, tengd við hin ýmsu landssvæði.

Nú er öll yfirstjórn fræðslumála staðsett í Reykjavík. Margt sýnist mæla með því, að framkvæmdastjórn þeirra mála yrði skipt í landsfjórðungadeildir undir einni yfirstjórn úr höfuðborginni.

Þannig mætti nefna margar aðrar greinar framkvæmdavaldsins, sem nú hafa alla yfirstjórn í Reykjavík, en æskilegt og eðlilegt væri að deila niður í nokkur umdæmi.

Staðsetning menntastofnana getur haft mikið að segja um þróun byggðarinnar í landinu. Samþjöppun framhaldsskólanna í Reykjavík hefur verið allt of mikil og í mörgum tilfellum óeðlileg.

Þegar menntaskóla var komið á fót á Akureyri, var talsverð andstaða gegn því hjá ýmsum aðilum í Reykjavík. Sams konar andstaða gerði vart við sig, þegar menntaskóli var stofnaður að Laugarvatni. Þá var því beinlínis haldið fram, að menntaskóli í sveit hlyti að verða lélegur skóli. Nú er sótt um, að komið verði upp menntaskólum á Vestfjörðum og Austurlandi. Andstaða er gegn því, og enn hefur það mál ekki fengið stuðning ríkisvaldsins, þó að á sama tíma sé talið sjálfsgagt að koma upp tveimur menntaskólum í Reykjavík til viðbótar þeim, sem fyrir eru.

Í tillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna milli-þinganefnd, sem taki til sérstakrar athugunar, með hvaða hætti mætti draga úr óeðlilegri samþjöppun valds í Reykjavík og með hvaða hætti yrði bezt unnið að dreifingu valds og framkvæmdastjórnar í ýmsum málefnum til staða úti á landi. Jafnframt er lagt til, að nefndin athugi, hvernig helzt megí efla sjálfstjórn héraða eða stærri umdæma úti á landi.

Meginverkefni nefndarinnar yrði að gera tillögur um leiðir til þess að draga úr hinu mikla miðstöðvar- og framkvæmdavaldi í Reykjavík og til þess að snúa við þeirri þróun, að svo að segja allar meiri háttar þjónustustofnanir, opinber fyrirtæki, skólar og menningarstofnanir á vegum ríkisins séu staðsettar í höfuðborginni.

Tillaga þessi er á engan hátt flutt vegna fjandskapar við höfuðborgina. Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir því óhjákvæmilega forustuhlutverki, sem hún

hlýtur að hafa, og því gildi, sem glæsileg höfuðborg getur haft fyrir landið allt. En ofvöxtur höfuðborgarinnar og of mikil samþjöppun valds þar er jafnhættuleg hér og í öðrum löndum, en sama vandamál og um er rætt í þessari tillögu er nú mjög á dagskrá í mörgum löndum.“